

Umsögn Krabbameinsfélags Íslands um Heilbrigðisstefnu – Stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030.

Einn af hverjum þremur Íslendingum getur vænst þess að greinast með krabbamein einhvern tíma á ævinni. Á hverju ári greinast að meðaltali um það bil 1.600 manns með krabbamein hér á landi. Um 16.000 manns eru á lífi sem greinst hafa með krabbamein en krabbamein eru líka um fjórðungur dánarmeina hér á landi.

Krabbamein eru fyrst og fremst sjúkdómar eldra fólks og mun krabbameinstíflum fjölga í framtíðinni samhliða hækkunum aldri þjóðarinnar.

Miklar framfarir eiga sér stað bæði varðandi greiningu krabbameina og meðferð þeirra og nýverið lýstu Nóbelsverðlaunahafar í læknávisindum sinni sýn sem felst í því að árið 2030 verði krabbamein fyrst og fremst krónískir sjúkdómar.

Árið 2002 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin út leiðbeiningar um gerð krabbameinsáætlana sem í stuttu máli eru lýðheilsuáætlanir þjóða til að fækka nýgreiningum krabbameina, draga úr dánartíðni vegna krabbameina og bæta lífsgæði einstaklinga með krabbamein.

Vorið 2017 gaf velferðarráðuneytið út tillögur að íslenskri krabbameinsáætlun til ársins 2020. Ekki er kunnugt um að þær tillögur hafi verið unnar frekar. Ísland er eitt örfárra landa í Evrópu sem ekki eiga sér krabbameinsáætlun.

Í Heilbrigðisstefnunni kemur fram að hún skuli meðal annars byggja á grunnildunum sanngimi, sjálfbærni, gæðum, gagnsæi, ábyrgð, jafnrétti kynja, virðingu og rétti til að taka þátt í ákvarðanatöku.

Í Heilbrigðisstefnunni er lítið fjallað um krabbamein, þrátt fyrir að aukning þeirra sé fyrirsjáanleg auk mikilla breytinga í greiningu og meðferð.

Umsögn Krabbameinsfélags Íslands um stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 tekur mið af ofangreindu. Umsögnin er almenn og ekki eru gerðar athugasemdir við einstaka kafla stefnunnar. Umsögnin er í 9 tölusettum liðum, sem ekki er raðað eftir mikilvægi.

1) Forvarnir: Við getum komið í veg fyrir krabbamein. Lífshættir fólks hafa mikil áhrif á þróun krabbameina og rannsóknir benda til þess að hægt sé að koma í veg fyrir um 40% krabbameina með heilbrigðum lífsháttum, þ.á.m. reykleysi, hreyfingu, hollu mataræði og lítilli eða engri áfengisneyslu. Krabbameinsfélag Íslands leggur áherslu á að á grunni þessa sé skipulögðum forvörnum með skýrum mælanlegum langtímamarkmiðum gert mjög hátt undir höfði. Slík vinna krefst þolinmæði, aga og fjármögnunar. Hér á landi hefur í tóbaksvörnum náðst einstakur árangur á heimsvísu sem sýnir að hægt er að ná árangri og mikilvægt er að byggja á. Stjórnvöld búa yfir áhrifaríkum tækjum varðandi forvarnir með lagasetningu, stýringu á aðgengi og verði, t.d. með því að selja áfengi ekki í matvörubúðum, með sykurskatti og fleira.

Forvarnir eru langtímaverkefni og nauðsynlegt er að taka tillit til þess að árangur af þeim skilar sér oft ekki fyrr en eftir nokkur ár eða áratugi. Forvarnir verða því að byggja á ábyrgum langtímaáætlunum og markmiðum sem þó verður að aðlaga, m.a. vegna breytinga á aldursamsetningu þjóðarinnar.

2) Gæðamál: Í stefnunni ber gæðamál víða á góma. Árangur í íslenska heilbrigðiskerfinu er afar góður á flestum sviðum en mikilvægt er að sofna ekki á verðinum, engar tryggingar eru fyrir því að sá góði

árangur haldist. Því er nauðsynlegt að fylgjast vel með á öllum sviðum með virkum gæðavísunum og gæðaskráningu.

Einnig er afar mikilvægt að hægt sé að bera þjónustu og árangur hérlendis saman við önnur lönd til að tryggja traust sjúklinga og aðstandenda á heilbrigðiskerfinu og bæta árangur enn frekar

Í stefnunni þarf að setja skýr markmið um tengingu gæðaskráningar og árangurs í heilbrigðiskerfinu við lýðfræðilegar breytur, m.a. til að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu. Einnig þarf að stefna að því að notendur þjónustunnar geti auðveldlega nálgast niðurstöður gæðaskráningar, meðal annars til að auka ábyrgð og virkni sjúklinga og aðstandenda og tryggja jafnt aðgengi allra.

3) Gjaldfrjáls þjónusta: Mikilvægt er að í stefnunni séu tímasett markmið um hvenær nauðsynleg heilbrigðisþjónusta verði gjaldfrjáls hér á landi. Stór skref hafa verið stigin en engu að síður er langt í land. Vinna verður markvissst að því að öll þjónusta tengd greiningu krabbameins, meðferð og endurhæfingu verði gjaldfrjáls hið fyrsta þannig að enginn hluti sé undanskilinn. Nauðsynleg lyf (til dæmis ýmis lyf til að takast á við aukaverkanir meðferðar, svefnlyf, sýklalyf, geðlyf og fleira), sálfræðimeðferð, tannlæknþjónusta, frjósemisverndandi aðgerðir og nauðsynleg endurhæfing er meðal þess sem ekki er gjaldfrjálst í dag.

4) Færri innlagnir og aukin meðferð á dag- og göngudeildum: Í stefnunni er fjallað um sífellt meiri möguleika á fækkun innlagna sjúklinga og aukinnar meðferðar þeirra á dag- og göngudeildum. Enginn vafi leikur á fýsileika þessa.

Samhliða verður hinsvegar að taka tillit til þess að slíku fyrirkomulagi fylgir aukin ábyrgð og álag á sjúklinga og aðstandendur og þarf markvissar aðgerðir til að draga úr því. Mikilvægt er að tryggja að í öllu skipulagi þjónustu sé tekið tillit til þessa og innbyggð skilgreind gagnsæ ferli til að auka öryggi sjúklinga og aðstandenda, m.a. varðandi nauðsynlegt aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á öllum tímum, til dæmis heimahjúkrun og bráðþjónusta.

5) Endurhæfing: Nátengd efni í lið 4 er endurhæfing sem fær lítinn sess í stefnunni. Með bættri meðferð krabbameina má búast við að þeim fjölgi sem þurfa að kljást við krabbamein sem langvinna sjúkdóma og ýmsa fylgikvilla þeim tengdum. Til að tryggja sem best lífsgæði þeirra, hámarka þátttöku þeirra í samfélaginu og draga úr samfélagslegri byrði sem getur fylgt langvinnnum sjúkdómum er mikilvægt að tryggja nauðsynlega endurhæfingu, almenna og sérhæfða, allt frá greiningu sjúkdóms, á öllum tímupunktum. Skýr stefna þarf að vera um að nauðsynleg endurhæfing sé sjálfsgæður hluti meðferðar sem metin er á ákveðnum skilgreindum stöðum í meðferðarferli og eftir að því lýkur.

6) Aðgengi að lyfjum: Lyfjaskortur er því miður reglulega raunin hér á landi. Afar mikilvægt er að í heilbrigðisstefnu séu skýr markmið um aðgerðir til að koma í veg fyrir slíkan vanda.

7) Áætlanir með skilgreindum viðmiðum og markmiðum: Sífellt meiri krafa er um virka þátttöku sjúklinga og aðstandenda í meðferð. Slíkt kallar á aukið samstarf þeirra sem veita þjónustuna við notendur. Til að auka jafnræði í þeim samskiptum og styrkja sjúklinga og aðstandendur er mikilvægt að þeir þekki rétt sinn sem notendur þjónustu, viti hver markmið þjónustunnar eru og hvenær þeim er náð, hver sé eðlilegur biðtími eftir þjónustu og svo framvegis. Afar mikilvægt er að sjúklingar og aðstandendur geti verið sjálfbjarga varðandi slíkar upplýsingar.

8) Samfella í þjónustu: Skýr stefna þarf að vera um að í heilbrigðisþjónustunni geti sjúklingar, aðstandendur og heilbrigðisstarfsfólk gengið að stöðlum og skýrum verkferlum. Slíkt er lykillinn að góðri og jafnri heilbrigðisþjónustu fyrir alla og grundvöllur nauðsynlegrar samfellu í þjónustu.

9) Krabbameinsáætlun: Með samþykktri krabbameinsáætlun, sem unnin er í nánú samstarfi við sjúklingasamtök og aðra hagsmunahópa er unnt að ná utan um flesta þá þætti sem eru nefndir hér að ofan. Slíkar áætlanir hafa sannað gildi sitt í löndunum í kringum okkur og eru, ásamt aukinni áherslu á gæðaskráningu og gæðaeftirlit, grunnurinn að því að ná sem bestum árangri og tryggja jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustunni.